

## Skólasetning 26. ágúst 2013

Nemendur, forráðamenn, starfsmenn skólans og aðrir velunnarar skólans. Ég býð ykkur velkomin hingað í Íþróttamiðstöðina í dag til þessarar skólasetningar. Hún er heldur seinna en áætlanir gerðu ráð fyrir en það starfar af því að mun umfangsmeiri framkvæmdum var hrundið úr vör en áætlað var og seinna en æskilegt hefði verið. Kem ég að framkvæmdum í skólanum síðar í máli mínu. Sumarið hefur liðið hjá með örskotshraða, hefur það þó vonandi verið öllum hamingjuríkt og vænti ég þess að nemendur sem og starfsmenn komi til starfa endurnærðir á sál og líkama, tilbúnir til góðra verka og þess að leggja sig alla fram um að gera sitt allra besta í hverju því sem að höndum ber. Nú húmar að og þá er gott að allt falli í sínar föstu skorður þó með þeim breytileika sem lífið hér í Borgarbyggð býður upp á. En nú tekur skólinn við sem vettvangur daglegra starfa og er það von mín að okkur starfsfólki skólans ásamt foreldrum takist að gera það fjölbreytt og skemmtilegt. Nemendur, starfsmenn og foreldrar, velkomnir til starfa og velkomnir til samstarfs, samstarfs um að gera skólastarfið og skólagöngu barnanna líflegt, árangursríkt og ekki hvað síst skemmtilegt. Í dag eru 290 nemendur skráðir í skólann og er það fjölgun um sjö frá því skólinn var síðast settur fyrir rúmu ári síðan. S.l. vor útskrifuðust 33 nemendur úr 10. bekk og í haust hefja 30 nemendur nám í 1. bekk – hefja þar vonandi 10 ára farsæla og skemmtilega skólagöngu. Eins eru allmargir nýir nemendur að hefja nám í öðrum námshópum. Allir þeir sem eru að byrja í skólanum sem og forráðamenn þeirra eru boðnir sérstaklega velkomnir. Við höfum kappkostað það að hitta þessa nemendur og forráðamenn þeirra til að kynna þeim örlítið sem og til að kynna þeim skólann og starfið þar. Hefur þessi undirbúningur vonandi jákvæð áhrif á upphaf skólagöngunnar og allir finni sig velkomnir sem þeir eru svo sannarlega. Í vetur eru 60 starfsmenn við skólann. Við kennslu og stjórnun eru 40

starfsmenn í rúmlega 36 stöðugildum sem er svipaður fjöldi og síðasta skólaár og svo 20 starfsmenn sem sinna öðrum störfum við skólann í heldur færri stöðugildum. Af þessu er augljóst að Grunnskólinn í Borgarnesi er afar stór vinnustaður eða vinnustaður rétt um 350 manns og augljóslega í mörg horn að líta. Í vor létu af störfum við skólann þau Kolfinna Njálisdóttir, Óskar Birgisson, Gunnar Hlíðdal Gunnarsson, Rósa Hlín Sigfúsdóttir og Björk Jóhannsdóttir sem og Heiðrún Hafliðadóttir sem fer í launalaust leyfi. Sigurður Örn Sigurðsson og Helga Jensína Svavarsdóttir sem voru í launalaus leyfi síðasta skólaár eru ennfremur hætt störfum. Ennfremur hættu störfum stuðningafulltrúarnir Hörður Helgi, Guðrún Inga Ingadóttir, Þórkatla Þórarinsdóttir, Salóme Konráðsdóttir, Elva Pétursdóttir, Sölvi Gylfason og Birgir Þór Sverrisson Þessum eru færðar alúðarþakkir fyrir góð störf í þágu skólans og óskum við þeim velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi. Til starfa er komin að afloknu fæðingarorlofi Sigrún Ögn Sigurðardóttir íþróttakennari. Nýir kennarar við skólann eru Elín Kristinsdóttir sem er verksefnisstjóri sérkennslu, Eva Lára Vilhjálmisdóttir, Kristín Frímansdóttir, Helga Markúsdóttir, Páll Léó Jónsson og Þorbjörg Dagný Kristbjörnsdóttir. Nýir stuðningsfulltrúar og skólaliðar eru Ingibjörg Þorsteinsdóttir, Þórkatla Inga Karlsdóttir, Þorvarður Andri Hauksson, Davíð Guðmundsson, Bjarni Guðjónsson, Dagmar Mýrdal Harðardóttir, Guðný Jóna Guðmarsdóttir og Viktor Pétur Rodriques. Eru þau öll boðin velkomin til starfa við skólann og væntum við mikils af störfum þeirra.

En þá aðeins að skipulagi vetrarins. Ekki verða gerðar breytingar á ytra skipulagi skólastarfsins frá því sem var á síðasta skólaári, þó eru alltaf einhverjar áherslubreytingar, t.d. er vali nemenda í 7. – 10. bekk breytt aðeins, nú velja nemendur sér valgreinar fyrir allan veturinn og er þá unnt að skipuleggja þannig að sem best verði hægt að koma til móts við óskir hvers og eins. Eins eru nokkur nýmæli í framboði valgreina, t.d. verður nú boðið upp á lífsstílsval og skák, auk þess verður áfram boðið upp á

dans og hestamennsku líkt og undanfarin ár auk annara valgreina. Er sífellt verið að leyta tækifæra til að bæta úrval og fjölbreytileika þess sem í boði eru. Skólaárinu er skipt í þrjár annir og eru foreldarviðtöl í lok haust- og miðannar. Hefur það fyrirkomulag þótt gefast vel og verið upplýsandi bæði fyrir nemendur og forráðamenn.

Áfram vinnum við að því að efla læsi í skólanum því þar er verk að vinna, fram hefur komið að þeim fer fækkandi sem geta lesið sér til gagns í Reykjavík, trúlega er eitthvað svipað upp á teningnum annarstaðar. Væntanlega eru á þessu margar skýringar en mig grunar að sífellt færri börn og unglingar lesi sér til gagns gamans í frístundum sínum, er það verulegt áhyggjuefni því við vitum að lestur bóka örvar ímyndunaraflíð mun meira en myndefni hverskonar og önnur síbylja, auk þess að vera hin besta afþreying. Ég hef margoft rekið mig á þetta þegar nemendur hafa komið til mín t.d þegar tími fellur niður og borið sig illa yfir verkefnaleysi að þegar ég hef nefnt það að góður kostur sé að fara á bókasafnið og glugga í góða bók þá er því sjaldnast tekið fagnandi, það eina sem unglingar sérstaklega sjá sem afþreyingu er oft þessi rafræni heimur. Þetta er að mínu mati áhyggjuefni, kannski er lausnin sú að koma öllu lesefni á rafrænt form og þannig kannski tekst að auka áhuga nemenda á lestri góðra bóka. Það er svo umræða milli okkar skólafólks og annarra hvernig við getum sem best brugðist við nýrri tækni sem sífellt tekur stórstíggum framförum, hvernig tökum við þessa tækni í þjónustu okkar til að gera námið árangursríka og betra. Við verðum að vera gagnrýnin á þessar nýngar margar og ekki láta söluaðila tækja og tóla stýra því sem gert er. En ljóst er að spennandi tímar eru framundan hvað varðar tækni og hugmyndafræði og því nauðsynlegt að beina endurmenntun meira inn á hugmyndafræði rafrænna lausna. Þar verðum við halda vöku okkar ef við ætlum að vera samkeppnisfær.

Umhverfismálin fá sinn sess í skólastarfinu, er stefnt er að því að sækja um, og fá, grænfánann í fimmta sinn nú í vor. Eins munum við sem heilsueflandi grunnskóli vinna í anda þeirrar stefnu sem þar er mörkuð. Heilbrigður lífsstíll er ein forsendan fyrir því að vinnan við námið gangi vel. Innleiðing skólanámskrár verður sterkur þáttur í vinnu vetrarins – við erum komin allvel á veg með að aðlaga okkar námskrá að aðalnámskránni en enn er þó eftir mikil vinna sem unnið verður að í vetur. En skv. lögum á aðalnámskrá grunnskóla að hafa tekið gildi að öllu leyti árið 2015 og því brýnt að vel verði að því verki unnið.

Skólinn kom illa út úr könnunum Skólapúlsins hvað varðar niðurstöður foreldra – og starfsmannakannana í veigamiklum þáttum. Því verður lögð áhersla á að vinna með þá þætti í vetur. Fram kom óánægja með úrvinnslu eineltismála sem og agamála – því munum við í vetur starfa staðfastlega að því að vinna í því sem betur má fara. Sérstakt eineltisteymi verður stofnað við skólann sem mun vinna að því að koma í veg fyrir einelti og vinna úr þeim málum sem upp kunna að koma. Við mælum einelti þrisvar á ári og er gaman frá því að segja að í síðustu mælingu komum við miklu mun betur út en um áramót – drögum við af því þá ályktun að sú vinna sem farið var í eftir áramót hafi skilað sér að nokkru marki. En þetta er langhlaup og er verkefni miklu fleiri en bara skólans. Ef einelti þrífist bara innan grunnskólans væri þetta töluvert einfaldara – en það er bara ekki svo, hinn bitri veruleiki er sá að einelti þrífst allsstaðar og því verða allir að ganga í takt til að uppræta það. Hugsum um það hvernig við tölum og komum fram við hvert annað – hvað ungur nemur gamall temur á vel við í þessu sambandi. Hins vegar bið ég alla að hafa það í huga að þessi mál eru ekki unnin fyrir opnum tjöldum og skólinn og starfsfólk oft berskjaldað í umræðunni þar sem okkur er óheimlit að tjá okkur um einstök mál. Við vinnum í skóla án aðgreiningar – það er sú stefna sem mörkuð

hefur verið – það þýðir að í skólanum eru nemendur með fjölbreyttar þarfir sem taka þarf tillit til. Þá er galdurinn sá hvernig fáum við uppfylltar þarfir okkar og langanir án þess að ganga á rétt annara til þess sama. Í grunninn er þetta ekki flókið – sýnum hvert öðru kurteisi og berum virðingu fyrir mismunandi skoðunum og áhugamálum. En einhversstaðar hefur okkur borið af leið og sívaxandi sjálfhverfan gerir það að verkum að ekki er tekið tillit til tilfinninga og þarfa samferðarmanna. Þetta kristallast svo í því að skólinn standi sig ekki í stykkinu. En ef við tökum höndum saman um að útrýma einelti þá náum við árangri. Þessu tengt er auðvitað umræðan um agann, við vinnum í anda uppbyggingarstefnunnar sem meðal annars gengur út á það að mistök eru leyfð, þau eru nýtt til þess að læra af þeim. Hins vegar ef það tekst ekki þá taka við viðurlög, oftast þau að nemendur þurfa að fara heim og hugsa sitt mál og koma síðan í skólann með forráðamanni og fara yfir það sem aflaga hefur farið og gera áætlun um næstu skref. Nemendum er sem sé ávallt gefinn kostur á því að bæta ráð sitt á jákvæðan hátt en ekki refsað í gamaldags skilningi þess orðs. Skólareglur verða yfirfarnar og skerpt á þeim, þar er auðvitað eitt og annað sem laga má, mér er til efs að allir nemendur hafi hugmynd um það hvað vasadískó er en í skólareglum er notkun þess bönnuð í tímum. Sýnir okkur kannski að endurskoðunar er þörf en að mínu mati eiga skólareglur að vera fáar og skýrar.

Ráðist var í miklar framkvæmdir í skólanum nú síðla sumars, miklu mun meiri en áætlanir höfðu gert ráð fyrir. Við höfum verið að glíma við langvarandi leka víða í skólanum og við svo búið mátti ekki una lengur. Var því farið í það að endurnýja gler og svo glugga þar sem þess var mest þörf. Eins voru tekin gólfefni af einum 13 rýmum í skólanum og er kominn dúkur á nokkur þeirra en bráðabirgðagólfefni á annað. Er þess beðið hvort þær aðgerðir sem farið hefur verið í beri tilætlaðan árangur svo hægt sé að setja varanlega gólfefnið á. En þessar aðgerðir komu til af því að sveppur greindist í mörgum

rýmum og því brýnt að komast fyrir ástæðuna og þannig útrýma honum og búa okkur öllum þannig heilsusamlegra vinnuumhverfi. Eins hefur eldri deildin verið máluð að miklu leyti. Lítur nú allt miklu mun betur út en áður. Skólinn ber þess vissulega merki að þessum framkvæmdum er ekki lokið en ég vona að það trufla ekki okkar daglega starf. Búið er ennfremur að festa kaup á fleiri sófum til notkunar í eldri deild og ennfremur hafa verið sett upp sjónvörp fyrir nemendur í frístundarýmum. Verða nemendur hafðir með í ráðum þegar gerðar verða reglur um notkun þessara tækja og eins um umgengni. Öllum þeim sem komið hafa að þessum framkvæmdum og gert þær mögulegar eru færðar þakkir. Hins vegar er brýnt allra hluta vegna að í vetur ljúki þeirri vinnu sem af stað er farin varðandi framtíðarskipan skólans og húsnæðis hans, bæði hvað varðar viðhald og ekki síður notkun og nýtingarmöguleika hússins.

Sérfræðiþjónusta skólans verður með nokkuð svipuðum hætti og var s.l. ár þó með þeirri breytingu að Elín Kristinsdóttir tekur við umsjón með sérkennslu en Ásta Björk Björnsdóttir verður með greiningarþáttinn ásamt kennsluráðgjöf. Eins hefur staða námsráðgjafa verið aukin um 10%, þótt það sé ekki mikið þá nýtist að okkur í eineltisvinnu og eins vinnu er lítur að líðan nemenda, ekki hvað síst stúlkna. Eins og áður starfar sálfræðingur hjá Borgarbyggð og eins talmeinafræðingur.

Ég hef sagt það áður og segi enn við ykkur nemendur góðir sem nú mætið til vinnu ykkar í skólanum – námi er vinna og oft erfið vinna sem skipuleggja þarf vel, bæði vinnuna og tímann. Um skipulagið og utanumhald ýmiskonar sjá kennarar en þið hafið töluvert um það að segja hvernig það reynist – ef þið leggið ykkur ekki fram þá verður ekki uppskorið eins og sáð er til. Því beini ég því til ykkar að nota nú tímann vel – þessi vinna á að vera skemmtileg og þannig skipulögð að hver og einn hafi verkefni

við hæfi, þá gengur allt vel – ég er þess fullviss að sameiginlega eigum við eftir að skila góðu verki í vetur og sammælumst um það að láta okkur líða vel í vetur, það er grundvöllurinn fyrir því að skólastarfið verði farsælt.

Líkt og verið hefur síðustu 12 ár verður mötuneytið rekið af Hótel Borgarnesi og Tómskundaskólinn er á sínum stað fyrir nemendur í 1.- 4. bekk undir stjórn Jónínu Heiðarsdóttir.

Ég vil hvetja forráðamenn til að skoða óskilamuni reglulega en gangaverðir hafa góða yfirsýn yfir það sem skilið er eftir, eru það oft ótrúlega mikil verðmæti sem safnast saman í skólanum yfir veturinn.

Best er auðvitað að merkja fatnað með nafni, þá er auðveldara að koma honum í hendur réttra eigenda lendi hann á vergangi.

Skólabíll fer héðan kl. 14:15 en þá verðið þið búin að hitta umsjónarkennara ykkar uppi í skóla. Stofur eru merktar bekkjum og umsjónarkennurum. 1.- 6. bekkur fer til vinstri er upp stigann er komið en 7. – 10. bekkur til hægri. 1.- 3. bekkur og 7. og 8. bekkir eru er á neðri hæð en aðrir á annari hæð.

Ég óska góðs samstarfs við ykkur öll, nemendur, starfsfólk, skólabílstjóra, forráðamenn, skóla – og fræðsluráð og sveitarstjórn. Sammælumst um að gera skólann að stað þar sem okkur líður vel og við náum þeim árangri sem að er stefnt. Ég ætla ekki að hafa þessi orð mikið fleiri. Hæft væri að ræða mörg fleiri atriði en hér læt ég staðar numið að sinni. Segi ég 106. starfsár Grunnskólans í Borgarnesi sett.